

## Hvað er að fréttu af framgangi starfshóps um hugmyndafræði og þjónustustefnu?

Okkur í starfshópi um hugmyndafræði og þjónustustefnu, langar til þess að segja frá því að við höfum átt ákaflega ánægjulegt og gott samstarf. Allt frá því að hópurinn hóf störf höfum við rætt um mikilvægi þess að þjónusta við notendur sé skilvirk og mæti margvísulegum þörfum notenda varðandi athafnir daglegs lífs. Við vitum að þjónusta við íbúa í sértækri búsetu er bæði gefandi en getur líka verið krefjandi. Þess vegna höfum við m.a. útfært ýmis verkfæri fyrir starfsfólk til þess að mæta þörfum notenda.

Starfshópurinn hefur fundað hálfsmánaðarlega eða í sex skipti (þegar þetta er ritað, 18. nóvember). Á milli funda höfum við unnið markvisst og útfært ýmis verkefni. Það sem við höfum verið að útfæra:

- Hvernig getum gert alla inntöku í sértæka búsetu skilvirka? Við teljum að mikilvægt sé að mat og greining á þjónustuþörf umsækjanda sé frá upphafi ljós og það sé í höndum umsækjanda, með stuðningi fagaðila, að miðla upplýsingum svo þjónustan verði sem best.
- Hvernig ýmis skilyrði þurfa að liggja uppi á borðum bæði af hálfu umsækjanda/íbúa og af hálfu þjónustuaðila. Þannig teljum við að mikilvægt sé að íbúi sem er að vinna að bataferli geti m.a. endurskoðað hvenær sem er eigin markmið og form þjónustu sem hann óskaði (leiðsögn, stuðningur, hvatning eða örvun).
- Hvernig við tryggjum að allt starfsfólk vinni að sameiginlegri hugmyndafræði og þjónustustefnu. Sem dæmi má nefna hefur hópurinn útfært verkfærakistu – því við teljum að sérþjálfað starfsfólk þurfi að hafa sérhæfða þekkingu og kunnáttu. Við höfum horft til þess að styðja við núverandi verkfæri starfsmanna. Nýja verkfærakistan, sem mun innihalda um átta sértæk verkfæri, verður m.a. útfærð á þann hátt að stuðlað verði að sem bestum félagslegum samskiptum og hvernig hægt er að beita félagslegri hvatningu.
- Hvernig hægt er að veita almennan og sérhæfðan stuðning við starfsfólk og stjórnendur búsetukjarna.
- Hvernig hægt er að tryggja að þjónustukeðjan sé samfelld og árangursrík.

Á næstunni verður unnið að því að útfæra og skoða:

- ✓ Hvernig íbúar meta eigin árangur m.a. í tengslum við markmiðasetningu og þann stuðning sem þeir fá frá starfsfólki.
- ✓ Hvaða upplýsingar er nauðsynlegt að miðla, af hverju, fyrir hverja o.s.frv. Markmið okkar er að þjónustan verði skilvirk, en ekki að halda aftur af upplýsingum eða veita óþarfa upplýsingar.
- ✓ Útfæra áætlun um hvernig við ætlum að framkvæma skilvirka þjónustu.

Við áætluðum að við skilum af okkur skýrslu í lok janúar.

### Hver erum við?

Aðalbjörg Traustadóttir, Velferðarsvið,  
Auður Axelsdóttir Hugarafi  
Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Velferðarsvið  
Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, Velferðarsvið  
Jóna Rut Guðmundsdóttir, Velferðarsvið  
Kristinn S. Einarsson, Klúbburinn Geysir  
Lovisa Guðbrandsdóttir, Svæðisskrifstofa  
málefna fatlaðra Reykjavík  
Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, Landspítalinn  
Sveinn Magnússon, Geðhjálp